

Húsaskóla, 15. febrúar 2012

Ályktun fundar foreldra og íbúa í Húsahverfi, 15. febrúar 2012

Við foreldrar og íbúar í Húsahverfi lýsum efasemdum okkar um þann ásetning borgaryfirvalda að flytja unglिंगadeild Húsaskóla í safnskóla í Foldaskóla haustið 2012, þrátt fyrir almenna andstöðu foreldra og íbúa hverfisins.

Við tökum undir með foreldrum barna í Hamraskóla að tími til stefnu er orðinn mjög takmarkaður. Nú þegar einungis fjórir mánuðir eru eftir af yfirstandandi skólaári blasa enn við foreldrum fjölmargir óvissuþættir og fjölda spurninga er ósvarað varðandi sameininguna og grunnþjónustu í hverfinu. Engin úttekt hefur verið gerð á því hvaða áhrif brotthvarf unglिंगanna hefur á þann skóla sem eftir stendur og athugasemdir og varnaðarorð fagaðila hafa verið virt að vettugi. Þá virðist fjárhagslegur ávinningur af sameiningunni í besta falli óverulegur og kostnaðurinn óþekkt stærð. Það er því ljóst að verið er að taka örlagaríkar ákvarðanir á afar hæpnum grunni.

Í Húsaskóla fer fram öflugt og gott skólastarf, skólabragurinn er til fyrirmyndar og félagsmiðstöðin Nagyn ein sú best sótt á landinu. Þá sýna kannanir að nemendum í Húsaskóla líður betur en almennt gerist. Við teljum ekki sýnt að hag barnanna okkar sé betur borgið með flutningi unglिंगadeildarinnar í Foldaskóla og förum því fram á að hætt verði sameininguna.

Foreldrar barna í Húsaskóla

Íbúar í Húsahverfi